




Skipulagsdeild Akureyrarkaupstaðar
Geislagötu 9,
Akureyri.



Akureyri 7. nóvember 2011

Efni: Athugasemdir við deiliskipulag vegna fyrirhugaðrar lagningar Dalsbrautar.

Skólaráð Lundarskóla gerir eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu að deiliskipulagi Dalsbrautar frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut.


Meginatriði:

1. Skólaráð Lundarskóla vill benda bæjaryfirvöldum á að Lundarskólasvæðið er eitt barnflesta hverfi bæjarins. Í Lundarskóla eru um 480 nemendur og við bætist umferð barna sem sækja KA heimilið alla daga vikunnar.
2. Skólaráð Lundarskóla telur ekki vera umferðarleg rök fyrir lagningu Dalsbrautar miðað við hversu miklu hættulegri aðkoma að skólanum verður fyrir börnin. Þetta er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun, verið er að reyna að efna kosningaloforð sem hljóðaði upp á að Dalsbraut væri sett í stökk framhjá Lundarskóla, en það á greinilega ekki að gera samkvæmt auglýstu deiliskipulagi.
3. Þessi pólitíska ákvörðun byggir á umferðaspám frá 2004 sbr. kafla 2.1.2 í greinargerð með deiliskipulagi. Þetta þykir okkur undarlegt þar sem mun nýlegri skýrsla er til og þar segir að Dalsbrautar sé ekki þörf „í fyrirséðri framtíð“ – mjög skýrt. „En lagning hennar mun engu að síður draga að sér umferð...“ Þetta finnst skólaráði Lundarskóla mjög ógnvekjandi og telur að verið sé að taka hagsmuni ökumanna fram yfir umferðaröryggi barnanna á svæðinu.
4. Þar sem Lundarskóli starfar í anda heilsueflandi grunnskóla og hreyfing er einn af átta þáttum sem áhersla verður lögð á leggjum við til að svæðið þar sem fyrirhugað er að Dalsbrautin komi verði verði notað fyrir hjóla- og göngustíga. Skólinn mun leggja áherslu á aukna hreyfingu nemenda og starfsfólks, auðvelda aðkomu gangandi og hjólandi vegfarendum að skólanum.

Athugasemdir við greinargerð:

Kafli 2.1.4. Aðkoma að Lundarskóla: Í fyrstu efnisgrein er lýsing á útfærslu svæðis utan skipulagsmarka. *Efnisgreinin verði felld út úr skipulagsgreinargerð í heild sinni.*

Kafli 2.1.7. Stígakerfi: Aftast í 1. mgr. er lýsing á stígakerfi utan skipulagssvæðisins og tilgreint hvernig útfærsla Dalsbrautar í deiliskipulagstillögunni tekur mið af því. Þar sem lóðarskipulagi Lundarskóla hefur ekki verið breytt og lóð skólans er ekki hluti deiliskipulagsins ber að fella út úr deiliskipulaginu göngubrautir, sem byggjast á ósamþykktum hugleiðingum. *Kaflanum verði breytt í samræmi við það.*



Athugasemdir við umhverfisskýrslu

Kafli 4.5.4 Heilsa og öryggi:

Hljóðvist: Síðustu mgr. kaflans er skólaráð Lundarskóla algjörlega ósammála. Þrátt fyrir jákvæð heildaráhrif þá sjáum við í hendi okkar að neikvæð staðbundin loftslagsáhrif verða á svæðinu ef lagningu Dalsbrautar verður.

Umferðaröryggi: Síðustu mgr. kaflans „Framkvæmdin sem áætlunin leiðir af sér hefur í för með sér óveruleg áhrif á umferðaröryggi“ er skólaráð Lundarskóla algjörlega ósammála.

Rökstuðningur

Umferðaröryggi: EF af lagningu Dalsbrautar verður er algjört skilyrði að umferðaröryggi barna á svæðinu verði tryggt með öllum tiltækum ráðum. Skólaráð Lundarskóla telur að rauð ljós sem kvikna ef keyrt er of hratt komi ekki til að virka sem skyldi. Reynslan sýnir að ökumenn virða ekki hraðatakmarkanir ef leiðin er greið, þrátt fyrir gangbrautarljós.

- a) Gangbrautir: Gangbrautin sem yrði mest notuð og er í framhaldi af núverandi aðkomu að Lundarskóla og er aðalgönguleið í gegnum hverfið verður hættuleg vegna þess að hún verður mitt á milli gatnamóta í stað þess að vera við gatnamót. Gangbrautir eru almennt öruggari við gatnamót því bílstjórar hafa varann á sér þar.

Gangbrautin við suðurmörk skólalóðarinnar er ekki vel staðsett.

Með þessum tveimur gangbrautum í viðbót í kringum Lundarskóla verða þær orðnar sjö sem Lundarskóli þarf gæslu á sem felur í sér aukinn kostnað fyrir skólann.

Gangstígar: Við teljum ekki rétt að beina börnum inn á gangstíga sem liggja meðfram tengibraut. Nær væri að leggja gangstétt norðan við Skógarlund og beina börnunum inn á Heiðarlundinn, það teljum við öruggari leið í skólann.

Athugasemdir við skipulagsupprátt

Tillöguuppráttur – norður: Sýndar eru tvær umferðartengingar Dalsbrautar við lóð Lundarskóla. Ný tenging er sýnd við suðurlóðamörk, merkt „ný aðkoma að Lundarskóla“ og einnig núverandi aðkoma, merkt sem slík. Ekki er gert ráð fyrir umferð úr suðri af Dalsbraut eða til suðurs frá skólalóðinni í útfærslu núverandi tengingar. Sýndar eru línur sem væntanlega tákna nýja götu og breytt bílastæði innan lóðar skólans, þ.e. utan skipulagssvæðisins.

Þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um nýtt eða breytt skipulag lóðar Lundarskóla er farið fram á eftirfarandi breytingar á skipulagsupprætti:

- § Ný aðkoma við suðurlóðamörk verði felld út.
- § Núverandi aðkoma verði útfærð á fullnægjandi hátt miðað við hlutverk sitt.
- § Hugmyndir um breytt skipulag skólalóðar (utan skipulagsmarka) verði felldar út.

Hugsanlegt er að innra skipulagi skólalóðar verði breytt síðar. Þá gæti komið til skoðunar hvar umferðartenging við Dalsbraut verður sbr. umræður og skýringarlínur þær, sem gerðar eru athugasemdir við hér að ofan. Á þeim forsendum gæti komið til greina að sýna báða tengingarmöguleika lóðarinnar á skipulagsupprætti Dalsbrautar án frekari ákvæða um skipulag skólalóðarinnar á þeim vettvangi. Verði það gert er þess krafist að báðar tengingar verði hannaðar jafngildar, þ.e. að núverandi tenging verði fullgild gatnamót.

Á skýringarupprætti eru sömu ágallar og á deiliskipulagsupprætti–norður sbr. hér að ofan.



Skólaráð Lundarskóla telur að heppilegra hefði verið að auglýsa breytt deiliskipulag skólalóðar Lundarskóla og KA svæðis á sama tíma í samráði við viðkomandi aðila.

Aðkoma Lundarskóla að deiliskipulagi svæðisins. Skólaráð og stjórnendur Lundarskóla fara fram á að myndaður verði samstarfshópur um fyrirhugað deiliskipulag svæðisins og að skólráð skólans fái að koma að þeirri vinnu strax á fyrstu stigum. Þetta atriði leggjum við mikla áherslu á.

Rökstuðningur

Aðkoma að Lundarskóla: Skólaráð Lundarskóla leggur mikla áherslu á að aðkomunni eins og hún er í dag verði haldið. Hún er greinileg og nýtist vel burtséð frá misheppnuðu hringtorgi.

Hugmynd að nýrri aðkomu hefur of marga ókosti fyrir Lundarskóla og KA:

- a) Hún felur í sér verri og mun hættulegri aðkomu að skólanum á bíl auk þess sem skólinn verður víggirtur af fótboltavöllum.
- b) Aðkoman beinist ekki að aðalinngangi skólans.
- c) Gestir þurfa að ganga yfir leiksvæði barnanna til að komast að aðalinnganginum.
- d) Útsýni til beggja handa við nýju gatnamótin verður verra en við núverandi aðkomu.
- e) Erfitt verður að koma snjó í burtu þar sem innkeyrslan verður umgirt og mun lengri en hún er í dag. Það mun fela í sér meiri kostnað við snjómokstur.
- f) Bílastæðum fækkar auk þess sem svæði sem notað hefur verið þegar eitthvað er um að vera verður ekki aðgengilegt fyrir bílastæði.
- g) Bílastæði skólans munu síður nýtast KA-heimilinu við stórviðburði.

Að lokum

Með hagsmuni nemenda við Lundarskóla að leiðarljósi telur skólaráð Lundarskóla að ef Dalsbrautin eigi að koma þá verði það ekki gert nema öryggi barna við Lundarskóla og þeirra sem sækja KA svæðið verði tryggt með öllum ráðum burtséð frá kostnaði. Við treystum því að sérfræðingar og bæjaryfirvöld beri hag barnanna fyrir brjósti. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og á þessu svæði eru almannahagsmunir fyrst og fremst þau fjölmörgu börn sem eru á þessu svæði og sækja svæðið heim.

EF gatan telst nauðsynleg verður að leysa skipulag hennar fyrst og fremst út frá umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

EF ekki er hægt að tryggja umferðaröryggi barnanna á svæðinu þá ætti Dalsbrautin ekki að koma enda kemur fram í nýlegri skýrslu að hennar er ekki þörf eins og bent hefur verið á hér framar.

F.h. Skólráðs Lundarskóla

Þorgerður Sigurðardóttir, skólastýra Lundarskóla

kt. 050955 3899

Austurbyggð 4. 600 Akureyri